

# Stígur

Gleði trefill sem allir geta prjónað!

**Stærð: 15 cm x 150 cm + kögur**

**Efni: Léttlopi, 50 gr dokkur**

A	1414 fjólublár	1
B	1402 himnablár	1
C	1406 vorgrænn	1
D	1703 gulmura	1
E	1704 apríkósugulur	1
F	9434 hárauður	1

Hringprjónn nr 4½, 100+ cm og heklunál nr 4½

Einnig er tilvalið að nota Plötulopa eða Spuna í stað Léttlopa en athugið að stærðin verður þá aðeins önnur.

## Prjónfesta

16 lykkjur og 32 umferðir/16 garðar í garðapryóni á prjóna nr 4½ = 10 x 10 cm. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

## Aðferð

Trefillinn er prjónaður fram og til baka með garðapryóni (alltaf sléttar lykkjur). Fitjað er upp á lengd trefilsins með hekl uppfitjun sem lítur út eins og affelling.

## Trefill

Fitjið upp 240 lykkjur með lit A sem hér segir: Með heklunál gerið upphafslykkju. Haldið heklunálinni í hægri hendi og prjóninum í þeirri vinstri. Leggið prjóninn ofan á bandið upp við heklunálina. Krækið með heklunálinni bandinu yfir prjóninn og dragið í gegnum lykkjuna sem er á heklunálinni. Nú er ein lykkja á prjóninum og ein á heklunálinni. Með vinstri hendi setjið bandið undir prjóninn og endurtakið að krækja bandinu yfir prjóninn í gegnum lykkjuna á heklunálinni. Fitjið þannig upp 239 lykkjur, setjið lykkjuna á heklunálinni upp á prjóninn sem síðustu lykkju í umferð.

Prjónið nú 8 umferðir (4 garðar) með hverjum lit í röðinni A, B, C, D, E, F, þannig að alls myndist 24 garðar. Fellið laust af í samræmi við uppfitjunina.

## Frágangur

Gangið frá endum. Ef vill **kögur**: Fyrir hvern lit, klippið 6 spotta, 20 cm langa. Takið 3 spotta, brjótið til helminga og dragið með heklunál til hálf milli garðanna, smeygið endanum í gegnum og herðið að (2 skúfar í hverjum lit). Jafnið endana. Skolið úr treflinum með Lopa ullarsápu og notið Lopa ullarnæringu fyrir mýkt, leggið til þerris.

Góða skemmtun!  
**Védís Jónsdóttir**  
**ÍSTEX**